

# Fundargerð 354. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2013, föstudaginn 15. febrúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar símafundur í Virkisbúð.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason og Már Sveinbjörnsson sátu fundinn. Guðný Sverrisdóttir, Skúli Þórðarson, Steinþór Pétursson, Guðmundur Kristjánsson og Björn Arnaldsson voru í símasambandi.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson og ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Stjórnarfundur hafnasambandsins 2013 - 1301023HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 353. fundar frá 18. janúar 2013.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Stjórn fiskveiða - 1204019HA

Lagt fram frumvarp til laga um stjórn fiskveiða og tölvupóstur frá nefndasviði Alþingis, dags. 13. febrúar 2013, þar sem óskað er eftir umsögn hafnasambandsins um frumvarpið.

Einnig lagt fram minniblað þar sem kemur fram upptalning á þeim þáttum frumvarpsins sem fela í sér breytingar á ákvæðum sambærilegs frumvarps sem lagt var fram á síðasta þingi.

*Stjórn Hafnasambands Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið. Samt sem áður telur hafnasambandið mikilvægt að hugmyndir um rafræna stjórnsýslu, líkt og kemur fram í frumvarpi um umgengni um nytjastofna sjávar, verði beitt varðandi fjarvigtun sjávarafla, sem er hagsmunamál þeirra hafna sem reka fleiri en eitt hafnarsvæði.*

### 3. Frumvarp til laga um strandveiðar - 1302026HA

Lagt fram frumvarp til laga um strandveiðar (heildarlög) og tölvupóstur frá nefndasviði Alþingis, dags. 25. janúar 2013, þar sem óskað er eftir umsögn hafnasambandsins um frumvarpið.

*Til kynningar.*

### 4. Frumvarp um breytingu á lögum um siglingavernd - 1302025HA

Lögð fram drög að frumvarpi til breytinga á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004 og tölvupóstur frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 29. janúar 2013, þar sem óskað er eftir umsögn hafnasambandsins um frumvarpið. Einnig lögð fram umsögn hafnasambandsins um frumvarpið.

*Umsögn hafnasambandsins samþykkt en í henni kom fram að stjórn Hafnasambands Íslands væri sammála þeim breytingum sem lagðar eru fram*

*í frumvarpinu.*

**5. Frumvarp til laga um umgengni um nytjastofna sjávar (stjórnvaldssektir og viðurlög) - 1302024HA**

Lagt fram frumvarp um umgengni um nytjastofna sjávar (stjórnvaldssektir og viðurlög) og tölvupóstur frá nefndasviði Alþingis, dags. 28. janúar 2013, þar sem óskað er eftir umsögn hafnasambandsins um frumvarpið.

*Stjórn Hafnasambands Íslands getur ekki fallist á efni 7. greinar frumvarpsins svo og 9. grein þess sbr. f. og g. lið þar sem unnt er að krefja vigtunarleyfishafa um útlagðan kostnað Fiskistofu og álagningu stjórnvaldssekta. Ríkið hefur ákveðið að skylda hafnir til að annast án endurgjalds skráningu vegna fiskveiðistjórnunarkerfisins, sem óðeðlilegt er að herða með hótun um viðurlög á hafnir og starfsmenn hafna.*

**6. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga - 1302023HA**

Lagður fram tölvupóstur frá nefndasviði Alþingis, dags. 4. febrúar 2013, þar sem óskað er eftir umsögn hafnasambandsins um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 449. mál.

*Til kynningar.*

**7. Vigtun sjávarafila - 0901002HA**

Lagt fram minnisblað frá Má Sveinbjörnssyni, dags. 8. febrúar 2013, um rafrænan aðgang að gögnum í Gaflinn.

*Már Sveinbjörnsson fór yfir málin. Til stendur að mynda starfshóp með 2-3 fulltrúum hafna til að ræða þessi mál frekar við Fiskistofu.*

**8. Langtímastefna fyrir hafnir landsins - 1211015HA**

Lögð fram að nýju ályktun frá 38. hafnasambandsþingi, dags. 3. október 2012, um mótun langtímastefnu fyrir hafnir landsins. Formaður gerir grein fyrir stöðu mála.

*Aðilar hjá Sjávarklasunum tóku vel í að koma að þessu verkefni með hafnasambandinu. Formanni og starfsmanni falið að ræða málið betur við Sjávarklasann.*

**9. Vorferð hafnasambandsins 2013 - 1301011HA**

Lögð fram að nýju drög að dagskrá vegna vorferðar stjórnar sem verður í lok maí 2013. Formaður og starfsmaður gera grein fyrir stöðu mála.

*Farið var yfir breytta dagskrá.*

**10. Hafnafundur 2013 - 1301025HA**

Valur Rafn gerir grein fyrir stöðu mála en til stendur að halda Hafnafundinn í Grindavík þann 20. september nk.

Starfsmanni falið að hefja undirbúning hafnarfundarins og ákveðið var að vera með rútufærð frá Reykjavík og til baka. Steinþóri, formanni fræðslunefndar, falið að boða fræðslunefndina til fundar til að ræða dagskrá hafnarfundarins.

#### 11. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Lagt fram til kynningar frumvarp til laga um breytingu á hafnarlögum, nr. 61/2003, með síðar breytingum (ríkisstyrkir o.fl.)

Frumvarp þetta bíður fyrstu umræðu á Alþingi og óvíst hvort það nái að fara í gegn áður en þingstörfum lýkur. Frumvarpið má þó nálgast hér: <http://www.althingi.is/altext/141/s/0982.html>.

Fundi var slitið kl. 11:50

---

Gísli Gíslason

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Már Sveinbjörnsson

---

Skúli Þórðarson

---

Steinþór Pétursson

---

Guðmundur Kristjánsson

---

Björn Arnaldsson

---

Valur Rafn Halldórsson

